

1856.

6. maí.

2) að guðsþjónustugjörð fari fram annanhvorn helgan dag á Gaulverjabæ og annanhvorn í Villíngaholti;

3) að af þessu brauði sé á ári hverju galdið 54 sk. til fátækra prestaekna og 1 rd. til uppgjafa presta.

C. að Hróarsholts sókn sé sem útkirkja lögð til Hraungerðis og Laugardæla prestakalls, þannig:

1) að á hverjum 6 helgum dögum sé guðsþjónustugjörð framin þrisvarsinnnum í aðalkirkjunni, tvisvar í útkirkjunni á Laugardælum og einusinni í útkirkjunni að Hróarsholti.

2) að presturinn til Hraungerðis prestakalls njóti allra þeirra tekja af Hróarsholts sókn, sem prestinum ber, og kaup af kirkjunni samastaðar;

3) að eptirlaun ekkna af þessu brauði verði ákveðin til $1\frac{1}{2}$ hluta hinna vissu tekja, og að eptirleiðis skuli á ári hverju greiða 54 sk. til fátækra prestaekna af þessu brauði, en 1 rd. 48 sk. á ári til uppgjafapresta."

Þetta læt eg ekki hjá líða að skýra yður frá til þóknunlegrar vitundar og frekari ráðstafana.

19. maí.

13. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur- umdæminu, um fjársýkina á Íslandi¹.

Í skýrslu þeirri, dags. 7. febrúar þ. á., sem herra amtmáðurinn hefir sent um ástand norður- og austur- umdæmisins á tímabilinu frá 26. október f. á. til 7. febrúar þ. á., hafið þér

382 rd. 18 sk.

4) Fyrir að skoða reikning kirkjunnar í Villíngaholti . . . - 45 .

samtals . . . 382 rd. 63 sk.

Frá þessu dregst það, sem galdið er til fátækra prestaekna og uppgjafapresta 1 - 48 -

Tekjur allar . . . 381 rd. 15 sk.

1) Sama dag ritaði dómsmálastjórnin bréf líks efnis til amtmannsins í vestur-umdæminu, og var stiptamtmanninum á Íslandi þarhjá send eptirrit af bræfum þessum.

meðal annars skýrt frá, að á þeim stöðum, hvar ekki hefir kveðið mikið að fjársýkinni að undanfögnu, þar hefir hún á umliðnum vetri verið miklu skæðari en áður, einkum í Skagafjarðar sýslu, og hefir hún þar á einstöku bæjum drepð yfir 100 fjár, og að nokkru leyti í Eyjafjarðar sýslu, án þess að menn til þessa tíma hafi getað uppgötvað nokkurt það meðal, sem með nokkurri vissu gæti afstýrt þessum kvilla.

1856.
19. maí.

Í tilefni af þessu álitur stjórnarráðið það skyldu sína að skýra herra amtmanninum frá, að þegar árið 1854 var landlækninum á Íslandi, Dr. Hjaltalín, sem um þær mundir var til veru í Árness sýslu, falið á hendur af stjórninni að rannsaka fjársýki þessa, þar hún einmitt þá æddi mjög um þessa og næstu sýslu eða Rángárvalla sýslu, og að reyna meðöl þau, sem hann álti hentugust til að lækna og afstýra sýki þessari. Seinna hefir Dr. Hjaltalín sent skýrslur um tilraunir þær, sem hann í þessu efni hefir gjört á árunum 1854 og 1855, og verða menn eptir þeim að álfta, að meðöl þau, sem hann hefir brúkað, einkum „glaubersalt“ til inntöku og „chlorkalk“ til að hreinsa fjárhúsin, hafi haft mjög heppilegar verkanir, og hefir þarhjá brúkun þessara meðala aukizt töluvert í suðurumdæminu, og margir amtsbúar hafa haft gott traust á þeim. Stjórnin hefir þessvegna einnig fundið sig knúða til að styðja að þessari viðleitni, einkum með því að koma því til leiðar, að Dr. Hjaltalín gæti látið bændum meðöl þessi í tæ kauplaust.

Skýrsla sú, sem Dr. Hjaltalín hefir nú sent hingað, ber það með sér, að þrátt fyrir það að Dr. Hjaltalín í blöðunum hefir lýst því yfir, bæði að hann væri fús á að láta þessi meðöl af hendi við innbúa norður- og austur- umdæmisins og þarhjá gefa þeim reglur fyrir brúkun þeirra, þá hefir samt sem áður enginn notað sér tilboð þetta. En þar stjórnin kannast við, hversu áriðanda málefni þetta er innbúum Íslands, þá vil eg ekki undanfella að biðja herra amtmanninn um, að láta hlutaðeigandi sýslumenn og hreppstjóra í umdæmi því, sem yður er trúað fyrir, skora á innbúa umdæmisins, að þeir snúi sér til landlæknis Hjaltalíns, sem hefir játað sig að vera fusan á að leggja þeim ráð og leiðbeina þeim, eins og líka að láta þá hafa meðöl þau

1856. sem með þarf, og yrði þá um leið að skýra honum greinilega
 19. maí. frá hvernig ástatt er á staðnum, um ásigkomulag sýkinnar og
 hversu yfirgripsmikil hún sè, o. s. frv.

Um leið og stjórnarráðið fulltreystir því, að herra amtmað-
 urinn muni veita þessu áriðanda málefni athygli og styðja það,
 vonast það á sínum tíma að fá nákvæmari skýrslu um, hvað
 gjört hefir verið að þessu og hvern árángur það hafi haft.

20. maí. **14. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á
 Íslandi um fæðingarhús á Vestmannaeyjum.**

Með bréfi 15. desember f. á. var herra stiptamtmaðurinn
 beðinn að segja álit sitt um uppástúngu hins konúnglega heil-
 brygðisráðs, og útdrátt af skýrslu héraðslæknis Davidsens fyrir
 árið 1850, viðvíkjandi því, að aptur yrði farið að brúka fæðing-
 arhús það á Vestmannaeyjum, sem á seinni tímum ekki hefir
 verið notað, og að það eptir uppástúngu héraðslæknisins yrði
 þannig aukið, að aðrir sjúklingar, en sængurkonur, einnig gætu
 fengið þar viðtöku. Um leið og þér hafið sent álit landlækn-
 isins Dr. med. Hjaltalíns um þetta efni, hafið þér einnig látið
 meiningu yðar í ljósi í bréfi 16. febrúar þ. á., og er hún eink-
 anlega í því innifalin, að fæðingarhús þetta aptur eigi að koma
 að notum, samkvæmt hinni upprunalegu tilætlun, og einkum þannig,
 að það sè í hvers eins valdi að nota sèr stofnun þessa kaup-
 laust, þar þér állítið að kostnaður sá, sem af henni rís, eigi að
 jafnast niður á alla eyjabúa; þér hafið auk þessa fallízt á álit
 landlæknisins um, að ekki sè næg ástæða, nú sem stendur, að
 fallast á uppástúngu héraðslæknis Davidsens.

Það er herra stiptamtmanninum kunnugt, hversu miklu
 hefir verið varið til að koma í veg fyrir hina hættulegu barna-
 veiki, ginklofann, á Vestmannaeyjum, og munu yður heldur ekki
 vera ókunnar hinar heppilegu afleiðingar tilrauna Dr. Schleisners.
 Eptir burtför hans frá Íslandi lagaði stjórnarráðið með bréfum
 sínum til stiptamtmanns á Íslandi 12. maí 1849 og 22. júní
 1850 mál þetta að öllu samkvæmt uppástúngu hans, og studdi